

**Nr. 17-128 S 097 Litla Líf ÍS 147****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6132  
Útgerð: Royal Fortune ehf.  
Smíðaður: Skel, 1980, trefjaplast.  
Stærð: 3,28 brl. 4,11 bt.  
Mesta lengd: 7,89 m Skráð lengd: 7,82 m  
Breidd: 2,17 m Dýpt: 1,02 m  
Vél: Volvo Penta, 32 kw, 2008.  
Fjöldi skipverja: 1



Litla Líf © Björgvin Baldursson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. ágúst 2017 var Litla Líf ÍS 147 á strandveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: NNA 3,5 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Mávur BA 311 dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þegar vél bátsins var komin á 1.100 til 1.200 snúninga kom mikill titringur á bátinn;
- að komin var of mikil rýmd í öxulfóðringuna sem orsakaði titringinn;
- að skipstjóra var ráðlagt að láta draga sig í land til að kom í veg fyrir frekari skemmdir;
- að við vélaskoðun hjá skoðunarstofu þann 6. júní 2017 kom fram slit í öxulfóðringu og var gefinn frestur til að skipta um hana til 9. sept. 2017.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.